



ORKUSTOFNUN

Umsögn um tilboð í borverk fyrir Hita- og
vatnsveitu Akureyrar í júní 1998

Ólafur G. Flóvenz

Greinargerð ÓGF-98-06



Umsögn um tilboð í borverk fyrir Hita- og Vatnsveitu Akureyrar í júní 1998

Boðin voru út tvö borverk, annars vegar borun hitastigulholna og hins vegar borun rannsóknaholna á Laugalandi á Þelamörk. Tilboð voru opnuð á skrifstofu HVA 28. maí 1998. Þau þrjú fyrirtæki, sem fengu send útboðsgögn, buðu öll í bæði verkin auk þess sem eitt þeirra lagði inn frávikstilboð.

Tilboðin voru eftirfarandi m.v. áætlað verkmagn og að virðisaukaskatti meðtöldum:

	Borun hitastigulholna	Borun á Þelamörk
Jarðboranir hf	2.791.500	5.250.500
Ræktunarsamband	2.446.500	4.015.000
Flóa og Skeiða ehf		
Alvarr ehf	2.111.960	7.044.225
Alvarr ehf -	10% afsláttur af	3.844.560
frávikstilboð	metraverði umfram 600 m	

Allir borverktakar skiliðu inn gildum aðaltilboðum.

Mat á tilboðum

1. Hitastigulsholurnar

Öll borfyrirtækin uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til tækja og búnaðar til borunar hitastigulsholnanna og hafa öll langa og góða reynslu í slíkum borunum. Af ofangreindri töflu má glögglega sjá að tilboð Alvarrs ehf er hagstæðast miðað við áætlað verkmagn og enn hagstæðara ef borað yrði umfram áætlað verkmagn.

2. Rannsóknarholurnar á Þelamörk

Jarðboranir og RFS hafa bæði umtalsverða og góða reynslu í borun 400 m djúpra rannsóknahola og bortækin sem boðin eru til verksins duga vel. Hins vegar hefur Alvarr ekki áður borað svo djúpa holu með því bortæki sem í boði er. Borstjóri Alvarr og eigandi hefur hins vegar mikla reynslu í borun djúpra hola frá þeim tíma er hann starfaði sem framkvæmdastjóri Ísbors hf og áður sem starfsmaður Jarðborana. Það er því engin ástæða til að ætla annað en Alvarri takist að leysa vel af hendi borun 400m holu í samræmi við útboðsgögn. Af töflunni má ráða að tilboð RFS er hagstæðast ef miðað er við aðaltilboð en sérstaklega þarf að skoða frávikstilboð Alvarrs.

Frávikstilboðið er felur í sér að hallamælingum meðan á borun stendur yrði sleppt en jafnframt verður að takा tillit tillit til þess að boðið er upp á lækkun flutningskostnaðar sem nemur 192.975 fái Alvarr bæði verkin.

Til að verðmeta hallamælinguna og gera tilboðin samanburðarhæf verður að gera ráð fyrir að HVA láti annan aðila hallamæla holuna og kostnað við það þarf að áætla og bæta við upphæð frávikstilboðsins. Það er gert á eftirfarandi hátt:

Gert er ráð fyrir að mælikerra frá Orkustofnun verði leigð til verksins og hún standi á Þelamörk meðan á borun stendur. Síðan fljúgi mælingamaður frá OS norður þegar þarf að hallamæla. Áætlaður kostnaður við hallamælingar með þessari aðferð er 363.057 krónur. Samkvæmt því er má meta frávikstilboð Alvarrs á eftirfarandi hátt:

Fráviks tiboðs Alvarrs ehf	3.844.560
Afsláttur v/ hitastigulsborana	-192.975
Kostnaður HVA v/hallamælinga	363.057
Samtals raunverð frávikstilboðs	4.014.642

Samkvæmt þessu mati eru tilboð RFS og Alvarrs í borun holnanna á Þelamörk jöfn, sá mismunur sem fram kemur er langt innan skekkjumarka.

Niðurstaða:

- Tilboð Alvarrs ehf í hitastigulsholurnar er hagstæðast og því eðlilegt að taka því.
- Ekki er unnt á grundvelli tilboðsupphæðar eingöngu að greina (innan skekkjumarka) hvort tilboð Ræktunarsambands Flóa og Skeiða ehf eða frávikstilboð Alvarrs ehf er hagstæðara. Því verður að taka ákvörðun um val á verktaka á öðrum forsendum.

Reykjavík 12. júní 1998



Ólafur G. Flovenz
framkvæmdastjóri